



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

1. október 2021

Mál nr. E-1523/2021:
Stefnandi: Hermann Ottósson
(Gísli G. Hall lögmaður)

Stefndi: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
(Þórey S. Þórðardóttir lögmaður)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 1. október 2021 í máli nr. E-1523/2021:

Hermann Ottósson

(Gísli G. Hall lögmaður)

gegn

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

(Þórey S. Þórðardóttir lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 8. september sl., var höfðað 9. mars 2021.

Stefnandi er Hermann Ottósson, Mánabraut 9 í Kópavogi.

Stefndi er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Engjateigi 11 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að lífeyrisréttindi hans hjá B-deild stefnda, sem hann ávann sér með greiðslu iðgjalda á tímabilinu 1. september 1976 til 31. ágúst 1978, reiknist samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr. laga nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 3. málslið 1. mgr. 30. gr. sömu laga. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I

Málsatvik eru ágreiningslaus. Stefnandi starfaði sem grunnskólakennari á tímabilinu 1. september 1976 til 31. ágúst 1979. Grunnskólar voru þá ríkisreknir og var stefnandi því sjóðfélagi í stefnda. Á þeim tíma giltu um starfsemi stefnda lög nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem síðar voru endurútfengin sem lög nr. 1/1997. Ágreiningur málsins varðar þá ákvörðun stefnda að verðbæta ekki lífeyrisréttindi stefnanda fram að töku lífeyris samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr. laga nr. 1/1997. Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt á slíkum verðbótum ofan á lífeyrisgreiðslur sínar þar sem hann uppfylli skilyrði framangreindra laga um að hafa starfað í samfleytt þrjú ár sem grunnskólakennari. Stefnandi mótmælir þessum skilningi þar sem stefnandi hafi lagt niður störf sökum kennaraverkfalls á tímabilinu 11. til 24. október 1977. Iðgjöld hafi ekki verið greidd fyrir það tímabil. Iðgjöld hafi því í reynd verið greidd fyrir skemmri tíma en þrjú ár.

Engar skýrslutökur fóru fram fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

II

Stefnandi byggir á því að hann uppfylli skilyrði 1. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 til verðbóta. Hann hafi starfað þrjú samfelld skólaár í þjónustu ríkisins. Hann hafi innt af hendi vinnuframlag í öllum mánuðum tímabilsins. Engu breyti þótt kennarar hafi

verið í verkfalli í um það bil tvær vikur meðan hann hafi verið ríkisstarfsmaður. Þessi skilningur stefnanda á 3. málslíð 1. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 fái einnig stoð í orðalagi 2., 4. og 23. gr. sömu laga. Til samanburðar sé hér einnig vísað til 4. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Samkvæmt því ákvæði hafi verkföll ekki áhrif á ávinnslu réttinda vegna uppsagnarfrests. Hið sama hljóti að eiga við um ávinnslu annarra réttinda, svo sem hjá lífeyrissjóði. Að lokum sé vísað til þess að sanngirnissjónarmið renni stoðum undir dómkröfu stefnanda.

III

Stefndi mótmælir málatilbúnaði stefnanda og byggir á því að stefnandi eigi ekki rétt til verðbóta á lífeyri fram að lífeyristöku, enda þótt ágreiningslaust sé að hann eigi vissan rétt til greiðslna úr B-deild stefnda. Þetta stafi af því að stefnandi hafi ekki náð a.m.k. þriggja ára greiðslutíma, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 og eldri lög sama efnis. Stefndi vísi einnig um þetta til nánari útfærslu þeirrar reglu í samþykktum sjóðsins. Tilvísun stefnanda til 4. gr. laga nr. 1/1997 og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979 hrófli ekki við þessu. Hvað loks varði tilvísun stefnanda til sanngirnissjónarmiða þá verði ekki fram hjá því litið að stefndi starfi á grundvelli laga og hafi ekki heimildir til að líta fram hjá þeim við afgreiðslu einstakra mála.

IV

Málsatvik eru ágreiningslaus, eins og áður segir. Þannig viðurkennir stefndi að stefnandi sé sjóðfélagi í B-deild stefnda og eigi vissulega rétt til greiðslna úr B-deild stefnda á grundvelli svokallaðra geymdra réttinda sökum fyrra starfs síns sem kennari í þágu ríkisins. Stefndi lítur þó svo á að réttindin miðist við 2. málslíð 30. gr. laga nr. 1/1997, ólíkt stefnanda sem byggir dómkröfu sína á 3. málslíð sömu greinar, en slíkt fæli í sér umtalsvert hagfelldari niðurstöðu fyrir stefnanda. Ágreiningur aðila að þessu leyti byggist á því hvaða skilning beri að leggja í áskilnað 3. málslíðar um að sjóðfélagi eigi réttindi hjá sjóðnum „vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma“. Stefndi telur sig uppfylla skilyrðið, enda þótt dómkrafa hans taki einungis til lífeyrisréttinda vegna tveggja af þeim þremur skólaárum sem hann starfaði í þágu ríkisins. Þessu mótmælir stefndi með vísan til þess að verkfall kennara frá 11. til 24. október 1977 hafi, eins og áður segir, haft í för með sér að greiðsla iðgjalda féll niður vegna þess tímabils. Dómurinn verður þar með að leysa úr því álitæfni hvort og þá hvaða þýðingu umrætt verkfall hafi við skýringu á 1. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997.

Samkvæmt 1. og 2. málslíð 1. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 miðast ellilífeyrir sjóðfélaga, sem látið hafa af starfi af öðrum ástæðum en elli eða örorku, að öllu jöfnu við starfstíma og laun viðkomandi er hann lét af umræddu starfi, en tekur sömu

breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Í þessu felst að líði langur tími frá því að sjóðfélagi lætur af starfi þar til hann hefur töku lífeyris kann verðlag að hafa hækkað og rýrt þar með verðgildi þeirra launa sem hann áður naut og réttindi hans miðast við. Komið er til móts við slíkar aðstæður með sérstakri reglu í 3. málslíð ákvæðisins, en samkvæmt henni reiknast lífeyrir tiltekinna sjóðfélaga í samræmi við reglur 3. og 4. mgr. 28. gr. sömu laga, þ.e. þannig að reikna ber lífeyri í megindrátum í samræmi við meðalbreytingar sem orðið hafa á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að iðgjöld voru síðast greidd til sjóðsins. Í reynd njóta slíkir sjóðfélagar því nokkurs konar verðtryggingar áður en kemur að töku lífeyris. Þessi réttur er samkvæmt orðalagi 3. málslíðar 1. mgr. 30. gr. bundinn við tilvik þar sem sjóðfélagi á réttindi hjá sjóðnum vegna „þriggja ára eða lengri greiðslutíma“.

Með fyrrnefndu lagaákvæði ákvað löggjafinn því að gera greinarmun á þeim sem starfað hefðu í þágu ríkisins til skemmri og lengri tíma. Enda þótt stefnandi hafi starfað í þjónustu ríkisins á tímabili sem spannar þrjú ár verður að mati dómsins ekki fram hjá því litið að eftir orðanna hljóðan ber áskilnaður um að lágmarki þriggja ára greiðslutíma með sér að í reynd þurfi að hafa verið greitt í sjóðinn í a.m.k. samsvarandi tíma. Þannig nægir ekki að mati dómsins að líta einvörðungu til heildartíma ráðningarsambands því hugtakið greiðslutími verður ekki slitið úr samhengi við greiðslur á tímabilinu. Þessi ályktun fær einnig stoð í athugasemdum með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 141/1996 sem fólu í sér að lög nr. 29/1963 voru endurútgefin sem lög nr. 1/1997.

Óumdeilt er að vegna verkfalls sem stóð í um tvær vikur í október árið 1977 bar vinnuveitanda stefnanda ekki að greiða iðgjald í lífeyrissjóð stefnda og samkvæmt framlögðum gögnum bárust engar greiðslur vegna þess tímabils. Við málflutning vakti lögmaður stefnanda máls á því fyrir dómi að á umræddum tíma hefðu iðgjöld verið greidd einu sinni á ári. Að mati dómsins hefur það hvort iðgjöld eru greidd mánaðarlega eða með árvissum hætti í sjálfu sér ekki áhrif við mat á því hvort skilyrðinu um greiðslutíma teljist fullnægt. Einstaklingur sem starfaði til dæmis í tvö ár og einn dag myndi þannig ekki teljast uppfylla skilyrðið um þriggja ára greiðslutíma jafnvel þótt greiðslan vegna þriðja starfsársins hefði borist í lok þess árs.

Í þessu felst að mati dómsins að stefnandi uppfyllti ekki þá lágmarkskröfu sem áskilin er í 3. málslíð 1. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997, sem væri jafnframt forsenda þess að unnt yrði að fallast á kröfu stefnanda um viðurkenningu á því að lífeyrisréttindi hans í B-deild stefnda yrðu reiknuð samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr. sömu laga. Tilvísun stefnanda til meginreglu vinnuréttar um ávinnslu réttinda launþega í verkfalli, svo sem hvað varðar uppsagnarfrest, fær ekki hróflað við þessari niðurstöðu, enda er hér ekki til skoðunar réttarsamband launþega við vinnuveitanda sinn heldur lífeyrissjóð.

Hið sama á við um tilvísun stefnanda til sanngirnisjónarmiða, enda leiðir framangreind niðurstaða dómsins af þeim lögum sem gilda um starfsemi stefnda.

Að öllu framangreindu virtu ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Gísli G. Hall lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Þórey S. Þórðardóttir lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, er sýkn af kröfum stefnanda, Hermanns Ottóssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Arnaldur Hjartarson